

Alþingi  
Erindi nr. P 120/1447  
komudagur 16/4 1996

Hveragerði 14. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélagsins Boðans um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar Verkalýðsfélagsins Boðans fylgir hér á eftir.

Verkalýðsfélagið Boðinn tekur undir ályktun formannafundar A.S.Í. frá 22. mars sl. og krefst þess að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur verði dregið til baka svo aðilar vinnumarkaðarins geti lokið gerð rammásamninga um samskiptareglur á vinnumarkaði. Frumvarpið felur í sér alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaganna og vegur að lýðræðislegum réttindum launafólks til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum. Þá er gerð grundvallarbreyting á verkfallsheimildinni og aukin völd færð til sáttasemjara.

Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld rofið áratuga sátt um þróun samskiptareglanna á vinnumarkaði. Samkvæmt frumvarpinu fær sáttasemjari völd til að tengja félög og hópa saman í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögur óháð því hvort viðkomandi eiga í kjaradeilu. Þá yrði nær ómögulegt að fella miðlunartillögu þar sem fullur þriðjungur allra á kjörská yrðu að greiða mótatkvæði.

Að öðru leyti vísum við til og tókum undir þau mótmæli sem fram hafa komið frá forystu launþegasamtakanna.

F.h. Verkalýðsfélagsins Boðans

